

Nýutkomin lög.

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aptur, gefin út 30. nóvbr. 1879, birt í A deild stjórnartíðinda 1879 bls. 100—101.

Lög um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, staðfest 9. janúar 1880, birt í A deild stjórnartíðinda 1880 bls. 2—5.

Lög um uppfæðing barna í skript og reikningi staðfest 9. janúar 1880 birt í deildinni A bls 6—9.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um tilsögn í sönglist og organslætti.* — Með því að organsleikarinn við dómkirkjuna í Reykjavík Jónas Helgason hefir skuldbundið sig til að fullnægja skilyrði því, sem sett er í 12. gr. B IV. fjárlaganna, um «að veita ókeypis tilsögn í sönglist og organslætti þeim, sem gjörast ætla organleikarar við kirkjur út um landið», vil jeg hjer með mælast til þess, að þjer herra landfógeti útborgið nefndum Jónasi Helgasyni upphæð þá, 1000 kr. um árið, sem í þessu til-liti er veitt í fjárlögunum, með $\frac{1}{12}$ eður 83 kr. 33 a. um hvern mánuð.

1
10. jan.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um að víkja fulltrúa úr bæjarstjórninni.* — Jón landshöfðingjaritari Jónsson hefir 4. f. m. áfrýjað til mín ályktun þeirri, sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík feldi á fundi sama dag, þar sem honum var vikið úr bæjarstjórninni, og með brjefi frá 3. p. m. hefi jeg meðtekið bæði álit bæjarstjórnarinnar um þær ástæður, sem þessi ályktun styðst við, og einnig yfirlýsing áfrýjanda í þessu tilliti með þeim athugasemdum, sem næstnefnd yfirlýsing hefir gefið herra bæjarfógetanum tilefni til, sem og brjef frá 6. p. m., sem inniheldur þær ítarlegu skýringar, sem jeg í þessu efni hafði óskað að fá. Samkvæmt þessu skal yður, herra bæjarfógeti, tjáð hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar bæði fyrir bæjarstjórninni og Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

2
13. jan.

Rjettur sá, sem bæjarstjórnin á eptir 10. gr. tilskipunar um bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar frá 20. apríl 1872 til að víkja úr bæjarstjórninni bæjarfulltrúa þeim, sem vanrækir eða færast undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, er í sjálfu sjer ekki samkvæmur undirstöðu þeirri, sem tilskipunin er byggð á í heild sinni, sem sje rjetti bæjarbúa til þess að kjósa meðal hinna kjörgengu bæjarbúa, fulltrúa þann, sem þeir, kjósendurnir, með atkvæðafjölda álíta færastan til þessa starfa, verður því eptir hlutarins eðli að beita rjetti þessum með mestu varúð, sem og liggur bæði í orðatiltækjum tilskipunarinnar: «Þannig að nauðsyn beri til, að hann fari frá» og í því, sem við er bœtt, að sá, sem vikið er úr bæjarstjórninni móti vilja sínum, «getur borið kæru sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið»; því landshöfðingi hlýtur að byggja úrskurð sinn á úrslitum þeirrar spurningar, hvort sú skylduvanrækt, sem hefir orsakað útilokunina, er svo vaxin, að hún gjöri útilokun hlutaðeigandi bæjarfulltrúa nauðsynlega.

Ástæðurnar sem bæjarstjórnin hefir byggt á útilokun þá, sem hjer ræðir um, eru eptir yfirlýsing hennar frá 18. f. m. þær, sem nú skal greina:

1. Að Jón landshöfðingjaritari Jónsson hafi færst undan að skrifa undir gjörða-

Hinn 9. febrúar 1880.

2 13. jan. bók bæjarstjórnarinnar að fundarlokum síðan 26. febr. f. á., þótt hann hafi verið á fundum, og formaður fundarins hafi skorað á hann um það, að hann hafi stundum viljað bóka sjálfur athugasemdir í gjörðabókinni; en þegar honum hafi verið bannað það af formanninum með skírskotun til þingskapanna, að hann gæti látið bóka ágreiningsatkvæði sitt, en mætti ekki sjálfur að fundinum loknum rita athugasemdir sínar í gjörðabókina, hafi hann neitað að skrifa undir bókina.

2. Að áfrýjandinn hafi á bæjarstjórnarfundum komið þannig fram, að samvinnan við hann, hafi ekki einungis verið mjög óþægileg, heldur því nær ómöguleg.

3. Að 20 bæjarbúar hafi skorað á bæjarstjórnina að sjá um, að Jón ritari Jónsson ætti ekki lengur sæti í bæjarstjórninni.

Eins og það er í augum uppi, að áskorun sú frá 20 bæjarbúum, sem getur um í 3. tölulið, er með öllu þýðingarlaus með tilliti til úrslita máls þess, sem hjer liggur fyrir, og það jafnvel þótt áskorun þessi hefði fylgt álitum bæjarstjórnarinnar, sem þó var ekki. Þannig mun ekki heldur það, hvernig áfrýjandinn hefir komið fram á fundum bæjarstjórnarinnar, eða hve óþægileg sem samvinnan við hann kynni að hafa verið og hversu óánægðir sem hinir bæjarfulltrúarnir hafa verið með hann, gefa neina heimild til að gjöra hann rækan úr bæjarstjórninni, en þingsköp bæjarstjórnarinnar á fundum eiga að varna því, að einstakir bæjarfulltrúar sjeu óþægilegir viðfangs eða komi ónuglega fram á fundum og á ótilhlýðilegan hátt, og það geta þingsköpin gjört, ef þeim er rjettilega beitt.

Hvað aptur á móti við vikur útilokunarástæðunni undir 1. tölulið, inniheldur tilskipunin 20. apríl 1872, 11. gr. skýra ákvörðun um það, að allir fulltrúarnir, sem viðstaddir eru á hverjum fundi, skuli að fundarlokum undirskrifa gjörðabókina, og á hver þeirra heimting á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað, og hlýt jeg að vera á sama máli og formaður bæjarstjórnarinnar, að hin síðasttalda ákvörðun veiti engum fulltrúa rjett til þess sjálfur að bóka athugasemdir í gjörðabókina, heldur að eins rjett til þess, áður en hann undirskrifar bókina, að fá það stuttlega bókað, að hann hafi verið á annari skoðun um eina eða fleiri af ályktunum þeim, sem gjörðar hafa verið á fundinum. Það getur þannig ekki verið neinn efi á því, að áfrýjandinn með því, að færast undan að undirskrifa gjörðabókina að fundarlokum frá því 26. febr. f. á., hefir vanrækt skyldu þá, sem honum lá á herðum sem bæjarfulltrúa eptir 11. gr. tilskipunarinnar, en eptir því sem framkomið er í þessu máli, virðist á hina hliðina hvorki hann sjálfur nje bæjarstjórnin að hafa lagt svo mikla þýðingu í þessa undanfærslu, að hún gæti gjört það nauðsynlegt, að honum yrði vikið úr bæjarstjórninni. Sumpart virðist honum sjálfum að hafa verið óljós þýðing hinnar greindu undanfærslu, þar sem hann virðist hafa álitid að 11. gr. tilskipunarinnar heimili honum rjett til að fá gjörðar ítarlegar athugasemdir í gjörðabókina um ástæðurnar fyrir ágreiningi frá ályktunum þeim, er meiri hlutinn hafði gjört, en þetta er misskilningur, eins og að ofan er tekið fram. Loksins hefir hann með því á bæjarfógetaskrifstofunni að rita undir það, sem skráð hafði verið um fundinn 6. nóv. f. á. og um fundinn 20. s. m., þar sem rætt hafði verið um skyldu bæjarfulltrúa til að skrifa undir gjörðabókina, sýnt að undanfærsla hans var byggð á því, að þýðing hennar væri honum ekki ljós, og að hann fyrst með því að íhuga nákvæmar það, sem kom fram á fundinum 20. nóv. f. á. hafi skilið það fullkomlega. Þó að ekki verði fallið á það, að hann hafi án beinlínis samþykkis oddvitans ritað nafn sitt undir gjörðabókina við fundinn 6. nóvbr. án áthugasemdar og við fundinn 20. nóvbr. með athugasemd, sannar þetta samt enn betur, að honum hafi verið það, sem getið hefir verið um óljóst.

Hins vegar virðist meiri hluti bæjarstjórnarinnar ekki hafa lagt þýðingu þá, sem spurning er um, í undanfærslu áfrýjandans fyrir en á fundinum 6. nóvbr. f. á., því fyrst 13. jan. á þessum fundi hefir verið ritað nokkuð í gjörðabókina um, að oddviti hafi skorað á hlutaðeiganda um að skrifa undir, og að hann hefði skorast undan að gjöra það sama kvöld. En hefði meiri hluti bæjarstjórnarinnar viljað byggja ályktun sína á undanfærslu þeirri frá að skrifa undir gjörðabókina, er átt hafði sjer stað um fleiri mánuði, hefði átt að geta þess í gjörðabókinni, og gefa það hlutaðeigandi bæjarfulltrúa til kynna á tilhlýðilegan hátt í hvert sinn, er hann hafði skorast undan að gegna skyldu þeirri, sem rétt hefir verið um, þegar þetta var gjört 6. nóvbr. f. á. hefir það, eins og að ofan er skýrt frá, haft þá afleiðingu, að áfrýjandinn hætti við undanfærslu sína, og skrifaði undir, þó hann gjörði það á óreglulegan hátt.

Samkvæmt því, sem tekið er fram, verður ekki sjeð, að skyldubroti því, sem áfrýjandinn hefir orðið sekur í, hafi verið svo varið, að það hafi gjört það nauðsynlegt, að hann færi úr bæjarstjórninni, og ályktun sú, sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar gjörði á fundinum 4. desbr. f. á. er því samkvæmt 10. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 hjer með úr gildi felld.

— **Skýrsla** um endurskoðun hinna sjerstöku íslenzku reikninga af hendi Árna landfógeta Thorsteinssonar 1876—1879. 3 14. jan.

Skýrslur og reikningar.	Innkomnir.	Endurskoðaðir.	Eptir.	Útkljáðir.	Eptir.
Skiptaskýrslur	90	90	»	70	20
Sýslureikningar	84	84	»	66	18
Spítalareikningar	72	64	8	46	26
Lestagjaldsreikningar	30	30	»	27	3
Tollreikningar	98	98	»	73	25
Umboðsjarðareikningar	103	80	23	78	25
Kirknareikningar	42	36	6	27	15
Ýmislegir reikningar	51	45	6	37	14
Aukatekjureikningar	19	19	»	1	18
Vitagjaldsreikningar	1	1	»	1	»
	590	547	43	426	164

Reykjavík 14. janúar 1880

Á. Thorsteinsson.

Reikningar.

Ágrip af reikningum nokkurra almenningsjóða, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.
(Framhald frá stjórnartíðindunum 1879 B., bls. 176).

IV.

Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins á árinu 1878.